



YFIRLIT ÁRSINS 2018

SJÓATVIK

YFIRLIT ÁRSINS 2018



SJÓATVIK

Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

Icelandic Transportation Safety Board (ITSB)

www.rnsa.is

Þann 21. febrúar 2013 voru samþykkt lög nr. 18/2013 á Alþingi, um rannsókn samgönguslysa. Með lögunum var starfsemi Rannsóknarnefndar flugslysa, Rannsóknarnefndar sjóslysa og Rannsóknarnefndar umferðarslysa sameinuð í eina rannsóknarnefnd. Þá voru nefndirnar þrjár sameinaðar í eina sjö manna rannsóknarnefnd samgönguslysa sem heyrir undir innanríkisráðherra ásamt sex varamönnum. Lögin tóku gildi þann 1. júní 2013. Tveir starfsmenn eru í fullu starfi hjá RNSA (sjólsys).

Markmið laganna er að fækka slysum og auka öryggi í samgöngum með því að efla og bæta slysarannsóknir. Rannsóknir samkvæmt lögunum skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguátvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa, sbr. 1. gr. laganna.

Efnisyfirlit

NEFNDARMENN OG STARFSMENN.....	4
Staðsetning RNSA.....	4
YFIRLIT ÁRSINS 2018	5
Skráð atvik 2007 - 2018	5
Breytingar á atvikum milli ára 2017 - 2018	6
VETTANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2018	7
BANASLYS	8
SLYS Á FÓLKI	8
Aðgerð skips við slys á fólki	8
Tegund slysa á fólki	9
Meðalaldur slasaðra.....	9
Slys á sjófarendum eftir svæðum	9
Stöðugildi slasaðra	9
SKIP – TEGUND ATVIKA	10
Skip sökkva / hvolfir	10
Skip stranda / tóku niðri	10
Árekstur skipa / ásiglingar	10
Eldur um borð.....	10
Skip vélarvana.....	10
Leki	10
Tillögur í öryggisátt	11
Sérstakar ábendingar	11
Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2018	13
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2007-2018	13
Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2018	13
AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2018.....	14
ERLENT SAMSTARF 2018	15
MAIIF – Alþjóðasamtök	15
EMAIF - Evrópusamtök.....	15
The European Maritime Safety Agency (EMSA)	17
The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)	17
Skráning Íslands í EMCIP	17
SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2018	18

NEFNDARMENN OG STARFSMENN

Rannsóknarnefnd samgönguslysa (RNSA) er skipuð af samgönguráðherra. Á árinu lauk skipunartíma nefndarfólks RNSA sem var skipað frá 1. júní 2013 til 31. maí 2018 og voru flest þeirra endurskipuð til 31. maí 2023. Tveir nefndarmenn létu af störfum vegna aldurs og voru tveir nýir skipaðir í þeirra stað. Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um nefndina á vef RNSA.

Nefndarmenn RNSA á sjóslysasviði voru allir endurskipaðir á árinu 2018 til ársins 2023. Þau eru: Geirprúður Alfreðsdóttir formaður RNSA, Ingi Tryggvason nefndarmaður og nú einnig varaformaður RNSA, Hilmar Snorrason nefndarmaður, Pálmi Jónsson varanefndarmaður og Hjörtur Emilsson varanefndarmaður.

Tveir starfsmenn voru í fullu starfi hjá RNSA sjóslys, Jón A. Ingólfsson rannsóknarstjóri og Einar Ingi Einarsson rannsakandi.

Staðsetning RNSA



Hús FBSR Flugvallarvegi 7 - 101 Reykjavík
Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is

SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

YFIRLIT ÁRSINS 2018

Tilkynnt og skráð atvik hjá RNSA-sjóslys voru samtals 157 á árinu en voru 136 árið á undan og 104 árið 2016.


Á árinu voru haldnir sex fundir hjá RNSA-sjólýs og voru 140 lokaskýrslur afgreiddar. Staðan um áramót var sú að afgreiðsla á einu máli hafði verið frestað til frekari vinnslu.

Lokaskýrslur, sem afgreiddar voru með nefndaráhliti, voru 50 á árinu. Nefndin gerði eina tillögu í öryggisátt og 13 sérstakar ábendingar voru gerðar í 12 málum sem afgreidd voru. (*Sjá samantekt á bls. 11-12*)

Um áramót átti nefndin eftir að taka fyrir 73 mál frá árinu 2018 og tvö mál frá árinu 2017 voru ekki lokaafgreidd en voru hjá aðilum þeirra sem drög til umsagnar.

Skráð atvik 2007 - 2018

Á töflunni (*Mynd 1*) hér að neðan má sjá grófa flokkun á eðli mála ársins í samanburði við síðastliðin 12 ár. Einnig kemur fram í töflunni meðaltal áranna frá 2007 til 2017.




Mynd 1 Tafla með grófri flokkun á skráðum atvikum.

Slysaskrá 2017 er í heild sinni í lok yfirlitsins á bls. 18 - 21

Eins og fram kemur í töflunni á mynd 1 og 2 þá fjölgaðum atvikum hjá RNSA á milli árunna 2017-2018 um 15%. Árið er um 9% yfir meðaltali árunna á undan þ.e.a.s. 2007 – 2017. Flestir málaflokkar eru yfir þ.m.t. skráð slys á fólki og aðrir nálægt sama meðaltali.

Undir „Annað“ í töflunni eru skráð atvik eins og bilanir í búnaði, nærri því atvik eins og t.d. árekstrarhætta o.s.fr.v.

Breytingar á atvikum milli ára 2017 - 2018




Mynd 2 Breytingar á milli ára 2017 - 2018



VETTVANGUR/SVÆÐI ATVIKA 2018

Flest skráð atvik hjá RNSA eru á NV svæði eða 65, en það svæði afmarkast frá Snæfellsnesi að Siglufirði og næst flest voru á SV svæði eða 55, sem er svæðið frá Dyrhóley að Snæfellsnesi. Á kortinu (*Mynd 3*) sést hlutfallsleg skipting á milli svæða en á NA svæði voru 17 atvik skráð og á SA svæði voru 15 atvik skráð.

Á erlendu hafsvæði og/eða erlendri höfn voru fimm atvik skráð. Fjögur af þeim voru slys á fólki og eitt þar sem togveiðiskip var dregið vélarvana til hafnar.



Mynd 3 Svæðaskipting skráðra atvika 2018

BANASLYS

Engin banaslys urðu á íslenskum sjómönnum við strendur landsins á árinu 2018 og er það fimmta árið sem sú ánægjulega þróun á sér stað. Engin banaslys urðu við landið á árunum 2008, 2011, 2014 og 2017. RNSA hefur til rannsóknar (*Mynd 1*) eitt banaslys á sjó sem gerðist innan Faxaflóahafnar þann 19. apríl 2018 en þar var um að ræða viðgerðarmann úr landi sem var að prufusigla óskráðum skemmtibát eftir yfirferð.

SLYS Á FÓLKI


Skráð slys á fólki hjá RNSA á árinu 2018 voru 54 en á árinu 2017 voru skráð slys 41 og er því um að ræða fjölgun um 24% á milli ára. Á árinu 2017 var verkfall hjá sjómönnum sem stóð í um tvo mánuði sem væntanlega skýrir að stórum hluta þessa breytingu. Í eftirfarandi töflu (*Mynd 4*) má sjá skiptingu á slysum á fólki eftir skipategundum.

Tegund skips	Fjöldi slysa
Slys á fiskibátum undir 20 BT	4
Slys á flutningaskipum	5
Slys á neta-, skel- og línubátum	8
Slys á nótaveiðiskipum	0
Slys á dráttarskipum	1
Slys á togveiðiskipum	32
Slys á vinnuskipum	3
Slys á rannsóknarskipum	0
Slys á ferjum og farþegaskipum	1

Mynd 4 Tegundir skipa

Aðgerð skips við slys á fólki

Á súluritinu (*Mynd 5*) hér að neðan sést við hvaða aðstæður slys á fólki urðu, sem skráð voru hjá RNSA.



Mynd 5 Aðgerðir skipa við slys á fólki

Tegund slysa á fólki

Í grófri samantekt þá voru algengustu slysin fallslys af ýmsum toga eða 19 talsins. Önnur algeng slys voru m.a. við vindur eða eitthvað slóst til við hífingar ásamt ytri áverkum s.s. skurðum og stungum ýmiskonar. Önnur slys voru þegar menn urðu á milli og klemmdust o.s.fr.v.

Meðalaldur slasaðra

Meðalaldur slasaðra sem skráð var hjá RNSA var 39 ár en var 43 ár á árinu 2017. Yngsti slasaði á árinu 2018 var 20 ára háseti á togveiðiskipi og sá elsti var 70 ára farþegi á farþegaskipi.


Slys á sjófarendum eftir svæðum

Ef landinu er skipt í fjóra parta (*sjá mynd 2*) er hlutfallsleg skipting skráðra slysa á sjófarendum hjá RNSA um 41% (22) á SV hluta þess, 31% (17) á NV hluta, 19% (10) á NA hluta og 2% (1) á SA hlutanaum. Fjögur slys eru skráð á erlent svæði eða um 7%.

Stöðugildi slasaðra

Eins og áður þá eru undirmenn á skipum í miklum meirihluta þeirra sem slasast í skráðum slysum á fólki. Á árinu 2018 voru þeir um 79% slasaðra. Í þessari tölu eru hásetar 64% (34), netamenn 11% (6) og bátsmenn 4% (2) eins sjá má á mynd 6.

Athygli vekur að veruleg fækkun var á milli ára á slysum á farþegum fólksflutningaskipa af ýmsum gerðum. Einn (2%) farþegi var skráður slasaður á árinu 2018 en sjö farþegar (17%) á árinu 2017 og átta farþegar 2016.



Mynd 6 Slysa á sjófarendum eftir stöðu þeirra

SKIP – TEGUND ATVIKA

Á töflunni á mynd 7 má sjá skiptingu skráðra atvika á tegundir skipa. Undir liðnum „Annað“ eru t.d. reykur í vélarúmi, bilanir í búnaði, nærri því atvik o.s.fr.v.

	Ásigling	Banaslys	Eldur	Leki	Sekkur/hvolfir	Strand	Tók niðri	Vélarvana	Efnaslys	Annað
Vinnuskip			1			1				
Dragnótarskip								1		
Dráttarbátar				1						2
Björgunarskip							1			
Farþegaskip/ferjur	2		1		1		1	2		1
Flutningaskip	1		1			2		1		2
Grásleppuveiðiskip			1		2	1	1	3		
Handfærabátar	2		3	1	1	3		31		5
Línuveiðiskip	1		1			4		5		
Netaveiðiskip	1							3		
Skelfiskiskip								2		
Skemmtibátar		1			1			1		2
Togveiðiskip	1		1	2				3		

Mynd 7 Skipting á skráðum atvikum eftir skipategundum

Skip sökva / hvolfir

Fjórir bátar sukku á árinu eins og á árinu 2017. Tveir þeirra sukku vegna elds, einn í höfn vegna leka og einn missti stöðugleika og fór á hliðina en maraði svo í kafi. Honum eins og einum bát sem hvolfdi var bjargað á land.

Skip stranda / tóku niðri

Fjórtán atvik voru skráð þegar skip strönduðu eða tóku niðri en voru ellefu árið 2017. Tvö af þessum atvikum voru sannarlega vegna þess að stjórnandi sofnaði en rannsókn sumra þessara atvika er ekki lokið. Þrjú af þessum atvikum urðu þar sem skip tóku niðri en sátu ekki föst.

Árekstur skipa / ásiglingar

Átta árekstrar/ásiglingar eru nú skráðir en voru fjórir á árinu 2017. Fjórar af þessum ásiglingum gerðust í höfn.

Eldur um borð

Níu atvik eru skráð þar sem um eld um borð var að ræða með mismunandi afleiðingum en voru fimm árið 2017 og aðeins eitt 2016. Þetta sýnir að um er að ræða slæma þróun í þessum efnum.

Skip vélarvana

Fjölgun á skráðum atvikum þegar skip voru aðstoðuð og/eða dregin til hafnar af ýmsum ástæðum. Árið 2018 voru skráð 55 atvik en voru 53 árið 2017. Meðalfjöldi þessara atvika er um 45 á ári frá 2007. Undanfarin ár hafa flest atvikin verið hjá strandveiðibátum en eru nú um helmingur af þeim. Á árinu voru skráð 27 atvik vegna vélarvandæða en 30 á árinu 2017.

Leki

Leki um borð í skipum voru fjögur atvik en voru fimm á árinu 2017.

Tillögur í öryggisátt

Eins og fram hefur komið þá gerði nefndin eina tillögu í öryggisátt í máli nr. 17-169 S 127. Tillagan var eftirfarandi:

Í ljósi tíðra eldsvoða í minni bátum sem rekja má til rafmagnsbúnaðar og frágangs hans gerir nefndin eftirfarandi tillögu í öryggisátt:

- Nefndin leggur til að Samgöngustofa gerir úttektir á skoðunarstofum varðandi úttektir þeirra á rafmagnshluta skoðana.

Sérstakar ábendingar

Nefndin gerði 13 eftirfarandi sérstakar ábendingar í 12 málum sem afgreidd voru.

- Nefndin beinir því til Samgöngustofu að tryggja að virkni neyðarstýrisbúnaðar sé prófuð við búnaðarskoðanir.
- Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að tryggja að neyðarbúnaður virki og prófaður reglulega.
- Talsvert hefur verið um slys í tengslum við vinnu í lest þegar unnið er í körum. Þegar hafa komið fram lausnir til að auka öryggi þeirra sem vinna við þessar aðstæður. Þar má nefna palla úr ríffluðu áli sem settir eru á karabrúnir og einnig er hægt að sníða til rífflaðar grindur til að setja í botn kara. Nefndin hefur vitneskju um að þessar lausnir séu notaðar um borð í nokkrum skipum með góðum árangri. (*Sjá myndir í skýrslu 17-183 S 133 Sindri VE 60.*)
- Nefndin hefur gert tillögu í öryggisátt um að útgerðir farþegaskipa geri skipstjórum skylt að sigla fyrirfram merktar og öruggar siglingaleiðir til að tryggja öryggi skipa sinna. (*Ábending í tveimur málum*)
- Nefndin bendir á að þegar kolsýruslökkvikerfi eru notuð er það algjör forsenda að halda því rými, sem kerfinu er hleypt á, lokuðu og einangruðu þar til aðstoð berst eða bátur kominn í land.
- Nefndin bendir á að á frá árinu 2011 hefur hún rannsakað 8 mál þar sem 11 farþegar hafa slasast í skoðunarferðum með RIB bátum. Sameiginlegt með þeim er að farþegar sátu í fremstu sætum bátanna. Leggur nefndin til að farþegum í fremstu sætaröðum fái sérstaka fræðslu um þá hættu sem getur fylgt því að sitja þar.
- Nefndin hvetur útgerðir og skipstjóra að setja áberandi viðvaranir þar sem sambærileg hættu er til staðar. (*Mál nr. 17-070 S 050, Haukur farþegaskip.*)
- Nefndin beinir því til skipstjórnarmanna að fara eftir lögum um mönnun og útivist. Þá hvetur nefndin stjórnendur til að nota allan þann viðvörunarbúnað sem getur komið í veg fyrir atvik sem þetta.
- Varðandi ofhleðslu báta (*mál nr. 02716, Vinur SH 34*). Nefndin hvetur skipstjórnendur eindregið til þess að kynna sér burðargetu og stöðugleika báta sinna, virða það og tryggja öryggi skipa og áhafnar sinnar. Skipstjórnandi þarf að hafa eftirfarandi atriði í huga:
 - ✓ að hver bátur hefur ákveðna hámarkshleðslu sem ekki á undir neinum kringumstæðum að fara yfir;
 - ✓ að miklu skiptir hvernig afla og veiðarfærum er komið fyrir í bátum;
 - ✓ að hámarkshleðsla er samanlögð þyngd skipsins, áhafnar, persónulegra muna, eldsneytis, vatns, lausabúnaðar, veiðarfæra og afla;

- ✓ að gæta þarf þess að hurðir, lúgur og önnur op þar sem sjór getur komist inn í bátinn séu ávallt vel lokuð;
 - ✓ að veiðarfæri, afli og annar farmur sem getur kastast til í veltingi þarf að vera tryggilega skorðaður í bátnum eins og kostur er;
 - ✓ að sjór á alltaf að eiga greiða leið að austuropum;
 - ✓ að bátinn má aldrei hlaða meira en fríborð leyfir;
 - ✓ að þar sem ísingar gæti skal siglingu hagað þannig að ágjöf verði sem minnst.
- Nefndin hvetur stjórnendur skipsins til að endurskoða staðsetningu á stjórn tökum lúga og merkja þau til aðgreiningar.
 - Nefndin hvetur útgerðina til að setja upp viðeigandi búnað til að hindra að þetta geti endurtekið sig. (18-032 S 021, Sandvíkingur ÁR 14)
 - Nefndin hvetur útgerðarmenn og skipstjóra til að láta gera áhættumat um borð í skipum sínum eins og segir í reglugerð nr. 200/2007 um ráðstafanir til að stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna um borð í skipum.




SJÁLFSTÆÐI - FAGMENNSKA - ÖRYGGI

Tilkynnt slys á sjómönnum til Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) 2018

Samkvæmt upplýsingum frá SÍ voru 204 tilkynnt slys á sjómönnum skráð á árinu 2018 en voru 134 á árinu 2017. Það er því um að ræða um 52% aukningu miðað við árið á undan og er um 18% undir meðaltali árána 2007 til 2017. Rétt er að benda á að á árinu 2017 var tveggja mánaða verkfall hjá sjómönnum sem eðlilega hefur áhrif á þennan samanburð.

Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ og RNSA 2007-2018

Á súluritinu á mynd 8 er fjöldi skráninga hjá SÍ og RNSA á árunum 2007-2018.



Mynd 8 Skráð slys hjá SÍ og RNSA

Skráð slys á sjómönnum og rannsókuð hjá RNSA á árinu 2018 verður hlutfallslega um 26% en var um 31% á árinu áður. Meðaltal rannsakaðra slysa á sjómönnum frá því að ný lög tóku gildi árið 2000 til loka árs 2018 er um 23%.

Tilkynnt slys á sjómönnum til SÍ 2000-2018


Þróun í þessum eignum hefur verið mjög jákvæð undanfarnir ár en frá árinu 2000, þegar ný lög og nýjar áherslur urðu til við rannsóknir á sjóslysum, hefur tilkynntum slysum fækkað umtalsvert. Meðaltal tilkynnta slysa á sjómönnum til SÍ á árunum 2000 – 2017 eru um 287 og eru slys á árinu 2018 talsvert undir því meðaltali.

Tilkynnt slys á sjómönnum frá árinu 2000 – 2018 til Tryggingastofnunar Íslands og síðan Sjúkratrygginga Íslands eru samtals 5.371 sem gerir að meðaltali um 283 á ári.

RNSA telur ástæðu til að nefna það að margar útgerðir í landinu hafa tileinkað sér öryggiskerfi og gert áhættumat um borð í skipum sínum sem hafa borið mikinn árangur. Það er einnig ljóst að Slysavarnaskóli sjómanna á sinn hlut í auknum árangri og öryggismenningu um borð í íslenskum skipum.

AÐILAR SEM TILKYNNNA ATVIK TIL RNSA 2005 – 2018

RNSA hefur frá árinu 2005 flokkað hvaðan tilkynningar á atvikum koma til umfjöllunar hjá nefndinni og er fróðlegt að sjá á súluritinu hvernig þróunin hefur verið á þessum árum.



Hlutfall upplýsinga um atvik sem fengnar voru úr fjölmíðlum er nú um 8% en var 55% þegar mest var árið 2007. Tilkynningar frá aðilum sem tengjast sjávarútvegnum þ.e.a.s. Vaktstöð siglinga, útgerðum, skipstjórum og slösuðum er nú um 76% en var 17% á árinu 2007.

Á árinu 2018 voru tilkynningar til RNSA um 44% frá Vaktstöð siglinga, um 31% frá skipstjórum/útgerðum og um 9% frá lögregluembættum landsins.

RNSA hefur markvisst hvatt sjómenn og útgerðaraðila að virða skyldur sínar um tilkynningu atvika til nefndarinnar. Nefndin hefur bent á að þó atvik virðist í huga manna lítilfjörleg þá er skráning þeirra mikilvæg því tölulegar upplýsingar geta verið mjög gagnlegar í baráttu við að auka öryggi á sjó.

ERLENT SAMSTARF 2018

MAIIF – Alþjóðasamtök

MAIIF eru alþjóðleg samtök sem voru stofnuð í Kanada 1992 og er megin tilgangur þeirra að skapa vettvang til að efla rannsóknir sjóslysa og koma á tengslum og efla samstarf milli rannsóknaraðila. Aðildarríki samtakanna eru 55 og ljóst að stofnun þeirra hefur sannað gildi sitt í samvinnu ríkja við rannsóknir sjóslysa. Vefslóð MAIIF er: www.maiif.org

Farið var á árlega ráðstefnu hjá samtökunum **MAIIF 27** (*Marine Accident Investigators International Forum*) sem haldin var í Singapore dagana 19. – 23. nóvember 2018. Á ráðstefnum hjá MAIIF er m.a. farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin eru fyrir ýmis málefni sem varða rannsóknir á sjóslysum.



EMAIF - Evrópusamtök

EMAIF er Evrópudeild rannsóknaraðila á sjóslysum innan MAIIF og voru stofnuð í Helsinki 2005.

Á árinu 2018 var árlegur fundur rannsakara **EMAIF 14** (*European Marine Accident Investigators International Forum*) haldinn á vegum RNSA á Hilton Hótel í Reykjavík dagana 30. – 31. maí.



Mynd 9 Fulltrúar á EMAIF 14 í Reykjavík 2018

Það var Sigurður Ingi Jóhannsson ráðherra samgöngumála sem setti fundinn og bauð gesti hans velkomna.

Á fundinn voru mættir samtals 34 fulltrúar frá 22 löndum að Íslandi meðtöldu. Auk þess voru tveir innlendir fyrirlesarar með erindi, Ásgrímur L Ásgrímsson frá LHG og J. Snæfríður Einarsdóttir Öryggisstjóri hjá HB Granda.

Erlendu gestirnir voru frá: *Hollandi, Englandi, Antigua & Barbuda, Belgíu, Kanada, Króatíu, Frakklandi, Þýskalandi, Ungverjalandi, Ítalíu, Lettlandi, Luxemborg, Marshall eyjum, Noregi, Póllandi, Slóveníu, Svíþjóð, Sviss Tyrklandi og Bandaríkjunum. Einn fulltrúi kom frá EMSA (European Maritime Safety Agency) í Lissabon.*

Því er ekki að leyna að árangur Íslands í öryggismálum sjómanna hefur vakið mikla eftirtekt erlendis og ekki síst hjá rannsóknaraðilum í sjóslysum. Þar sem öryggi í þessum málaflokki er stór áskorun fyrir öll rannsóknarríki var óskað sérstaklega eftir kynningu á reynslu Íslands í þessum efnum.

Til að verða við þessu voru eftirfarandi kynningar á vegum RNSA:

1. *Rannsóknin og lærdómur á slysinu þegar Jón Hákon sökk og þeim tillögum sem gerðar voru í öryggisátt vegna þess (FV Jon Hakon- Lesson learned) - Jón Arilíus Ingólfsson (RNSA)*
2. *Áhrif öryggisþjálfunar sjómanna (Effect of safety training). - Hilmar Snorrason nefndarmaður RNSA og skólastjóri Slysavarnarskóla sjómanna.*
3. *Vaktstöð siglinga og ferilkerfi íslenskra skipa (The Icelandic Vessel Monitoring System (VMS).- Ásgrímur L Ásgrímsson (LHG)*
4. *Nýir tímar - Áætlun um öryggi áður en framkvæmt er (New times - Planning for safety before executing). - J. Snæfríður Einarsdóttir HB Granda*

Á þessum fundi var auk þess farið yfir og kynnt starf hvers aðildarríkis á liðnu ári auk þess sem tekin voru fyrir ýmis athyglisverð málefni sem varða rannsóknir sjóslysa.

EMAIF 15 verður haldinn í Ljubljana í Slóveníu daganna 15. – 16. maí 2019 í boði Slovenian Marine Accident and Incident Investigation Service.



The European Maritime Safety Agency (EMSA)

The European Maritime Safety Agency (EMSA) er sameiginleg Siglingastofnun Evrópu og því ein stofnana Evrópusambandsins (ESB). EMSA veitir tæknilega aðstoð og stuðning við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins og aðildarríkja þess við þróun og framkvæmd ESB löggjafar um öryggi til sjós, mengun skipa og siglingavernd.

The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP)


The European Marine Casualty Information Platform (EMCIP) er sameiginlegur gagnagrunnur Evrópuríkja um atvik á sjó og er rekinn af EMSA. Markmiðið með EMCIP er að skila ávinningi bæði á evrópskum og alþjóðlegum vettvangi með því að:

- Auka öryggisrannsóknir.
- Breikka og dýpka greiningu á niðurstöðum rannsókna á slysum.
- Veita upplýsingar til almennrar áhættugreiningu og koma í veg fyrir slys.

Skráning Íslands í EMCIP

Á árinu var ráðinn sérstakur aðili hjá Samgöngustofu til að sinna skráningu íslenskra sjóatvika í EMCIP og sú vinna hófst í september 2018. Það var að vísu gert að skyldu hjá aðildarríkjum EMSA að hefja skráningu frá og með 17. júní 2011 en það reyndist ekki framkvæmanlegt þar sem Ísland var ekki með mannafla eða aðstöðu til þess. Það má einnig nefna að talsverðir hnökrar hafa verið á þessu kerfi frá upphafi sem ná allt til þessa árs en fram kom hjá Samgöngustofu að nýtt kerfi lofaði góðu.

Á þessum tíma þ.e.a.s. frá september hefur Samgöngustofa skráð inn í EMCIP sjóatvik árána 2016, 2017 og hluta ársins 2018 eða samtals um 300 atvik. Mynd 10 sýnir hvað er m.a. hægt að sækja í EMCIP.



Mynd 10 Skráð atvik 2016 – 2018 sótt í gagnagrunn EMCIP

Hægt er að skoða og fræðast meira um EMCIP á slóðinni: <http://www.emsa.europa.eu/emcip.html>

SKRÁÐ ATVIK HJÁ RNSA ÁRIÐ 2018

Eins og áður hefur komið fram voru skráð atvik hjá RNSA 157 árið 2018 en þar af gerðust níu þeirra áárinu 2017. Öll atvik sem berast RNSA eru skráð, flokkuð og hægt að sjá þau á vef nefndarinnar.

www.rnsa.is

Eftirfarandi tafla sýnir öll mál RNSA - sjóslys sem voru skráð á árinu 2018 og er þeim raðað eftir dagsetningu viðkomandi atviks. Um er að ræða grófa flokkun á atvikum því t.d. í þeim tilfellum þegar merkt er að skip sé vélarvana er það ekki einungis vegna bilunar í vélbúnaði.

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
4.apr.17	Gnúpur GK 11	Slys á fólki	1.141	Togveiðiskip
2.jún.17	Arnar HU 1	Slys á fólki	1.854	Togveiðiskip
5.ágú.17	Gnúpur GK 11	Slys á fólki	1.141	Togveiðiskip
21.sep.17	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
12.okt.17	Gnúpur GK 11	Slys á fólki	628	Togveiðiskip
7.nóv.17	Ása	Slys á fólki	42	Vinnuskip
15.nóv.17	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
27.nóv.17	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
30.des.17	Málmey SK 1	Slys á fólki	883	Togveiðiskip
7.jan.18	Samskip Hoffell	Vélarvana	4.454	Flutningaskip
8.jan.18	Andey GK 66	Vélarvana	25	Línuveiðiskip
10.jan.18	Masilik	Strandar	1.425	Línuveiðiskip
28.jan.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
6.feb.18	Akurey AK 10	Vélarvana	1.827	Togveiðiskip
7.feb.18	Drangey SK 2	Slys á fólki	2.081	Togveiðiskip
9.feb.18	Steinunn SF 10	Slys á fólki	327	Togveiðiskip
10.feb.18	Örfirisey RE 4	Vélarvana	1.845	Togveiðiskip
12.feb.18	Saga SU 606	Sekkur í höfn	21	Farþegaskip
12.feb.18	Harpa	Eldur um borð	72	Farþegaskip
13.feb.18	Baldvin Njálsson GK 400	Slys á fólki	1.200	Togveiðiskip
17.feb.18	Berti G ÍS 727	Vélarvana	9	Línuveiðiskip
18.feb.18	Samskip Hoffell	Bilun í búnaði	4.454	Flutningaskip
18.feb.18	Samskip Hoffell	Bilun í búnaði	4.454	Flutningaskip
21.feb.18	Tjaldur SH 270	Strandar	206	Línuveiðiskip
23.feb.18	Vestmannaey VE 444	Ásigling	486	Togveiðiskip
27.feb.18	Drangey SK 2	Slys á fólki	2.081	Togveiðiskip
28.feb.18	Sandvíkingur ÁR 14	Vélarvana	28	Netaveiðiskip
3.mar.18	Skemmtibátur óskráður	Hvolfir		Skemmtibátur
4.mar.18	Bjarni Þór	Slys á fólki	32	Dráttarbátur
10.mar.18	Hafborg EA 152	Ásigling	283	Netaveiðiskip
10.mar.18	Dettifoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
11.mar.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
15.mar.18	Lóðsinn	Bilun í búnaði	156	Dráttarbátur

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
16.mar.18	Þorbjörg ÞH 25	Maður fyrir borð	5	Handfærabátur
16.mar.18	Dykkerservice 8	Slys á fólki		Vinnuskip
17.mar.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
18.mar.18	Drangey SK 2	Slys á fólki	2.080	Togveiðiskip
21.mar.18	FFS Amaranth	Leki um borð	360	Dráttarbátur
26.mar.18	Höfrungur III AK 250	Slys á fólki	1.521	Togveiðiskip
27.mar.18	Ebbi AK 37	Vélarvana	31	Netaveiðiskip
29.mar.18	Sleipnir VE 83	Slys á fólki	349	Netaveiðiskip
30.mar.18	Engy RE 1	Slys á fólki	1.827	Togveiðiskip
31.mar.18	Þrasi VE 20	Annað atvik	5	Handfærabátur
2.apr.18	Hásteinn ÁR 8	Slys á fólki	180	Dragnótaskip
9.apr.18	Pálmi ÍS 24	Vélarvana	6	Grásleppuveiðiskip
13.apr.18	Rán GK 91	Vélarvana	20	Grásleppuveiðiskip
14.apr.18	Þróstur BA 48	Ásigling	9	Handfærabátur
15.apr.18	Manni ÞH 88	Tók niðri	7	Grásleppuveiðiskip
19.apr.18	Skemmtibátur óskráður	Banaslys		Skemmtibátur
29.apr.18	Litlanes ÞH 3	Slys á fólki	20	Línuveiðiskip
3.maí.18	Langvía ÍS 416	Bilun í búnaði	3	Skemmtibátur
7.maí.18	Engy RE 1	Slys á fólki	1.827	Togveiðiskip
8.maí.18	Daddi GK 55	Vélarvana	6	Handfærabátur
9.maí.18	Digranes NS 124	Strandar	15	Línuveiðiskip
10.maí.18	Hringur GK 18	Annað atvik	12	Handfærabátur
13.maí.18	Engy RE 1	Slys á fólki	1.827	Togveiðiskip
15.maí.18	Bára HF 78	Vélarvana	5	Handfærabátur
16.maí.18	Magnús Ingimarsson SH 301	Vélarvana	5	Handfærabátur
17.maí.18	Kría BA 75	Vélarvana	3	Handfærabátur
17.maí.18	Adam ÍS 64	Vélarvana	6	Handfærabátur
17.maí.18	Sæunn Eir NS 47	Vélarvana	8	Handfærabátur
18.maí.18	Garðar Jörundsson	Eldur um borð	55	Vinnuskip
18.maí.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
18.maí.18	Goðafoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
19.maí.18	Sæfari	Sekkur	5	Grásleppuveiðiskip
22.maí.18	Von GK 175	Vélarvana	11	Grásleppuveiðiskip
22.maí.18	Skrúður	Tók niðri	33	Farþegaskip
23.maí.18	Tjaldur SH 270	Slys á fólki	206	Línuveiðiskip
24.maí.18	Helga Sæm ÞH 78	Vélarvana	11	Handfærabátur
29.maí.18	Ocean Diamond	Ásigling	8.282	Farþegaskip
29.maí.18	Kiddi Friðþjófs	Slys á fólki	22	Vinnuskip
2.jún.18	Togarinn / Barkur	Annað atvik	290	Dráttarbátur
6.jún.18	Viðey RE 1	Slys á fólki	1.827	Togveiðiskip
7.jún.18	Steinunn HF 108	Slys á fólki	15	Línuveiðiskip
11.jún.18	Grettir BA 39	Strandar	397	Vinnuskip
12.jún.18	Veiga ÍS 76	Vélarvana	5	Handfærabátur
12.jún.18	Gulltindur ST 74	Vélarvana	5	Handfærabátur

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
12.jún.18	Brynja SH 236	Eldur um borð	15	Línuveiðiskip
18.jún.18	Akurey AK 10	Vélarvana	1.827	Togveiðiskip
19.jún.18	Arney BA 158	Vélarvana	15	Línuveiðiskip
25.jún.18	Blikur	Eldur um borð	4.448	Flutningaskip
25.jún.18	Faldur	Slys á fólki	26	Farþegaskip
28.jún.18	Arney SH 162	Eldur um borð	8	Handfærabátur
28.jún.18	Kvikur EA 20	Eldur um borð	11	Handfærabátur
1.júl.18	Rósin	Vélarvana	30	Farþegaskip
1.júl.18	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
3.júl.18	Tjúlla GK 29	Vélarvana	11	Handfærabátur
5.júl.18	Sól BA 14	Vélarvana	8	Handfærabátur
6.júl.18	Áspór RE 295	Vélarvana	6	Handfærabátur
10.júl.18	Sæborg NS 40	Eldur um borð	11	Grásleppuveiðiskip
12.júl.18	Rúnar AK 77	Vélarvana	5	Handfærabátur
16.júl.18	Teista ÁR 12 / Golan ÁR 21	Ásigling	5	Handfærabátur
17.júl.18	Valdimar SH 25	Vélarvana	6	Handfærabátur
17.júl.18	Svanur BA 54	Vélarvana	6	Handfærabátur
17.júl.18	Mardís ÍS 400	Vélarvana	5	Handfærabátur
17.júl.18	Arcpath ÞH	Vélarvana	7	Skemmtibátur
18.júl.18	Krókur SH 97	Vélarvana	5	Handfærabátur
18.júl.18	Hundsvík NK 16	Bilun í búnaði	4	Handfærabátur
18.júl.18	Lukka EA 777	Vélarvana	3	Handfærabátur
18.júl.18	Golan ÁR 21	Vélarvana	7	Handfærabátur
19.júl.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
21.júl.18	Samflot / Máni	Annað atvik	8	Skemmtibátur
23.júl.18	Óskar ÞH 234	Vélarvana	5	Handfærabátur
25.júl.18	Sóla GK 36	Eldur um borð	3	Handfærabátur
25.júl.18	Rúnar AK 77	Vélarvana	5	Handfærabátur
26.júl.18	Kap II VE 7	Slys á fólki	575	Netaveiðiskip
29.júl.18	Hafsól SK 96	Bilun í búnaði	8	Farþegaskip
30.júl.18	Kristín AK 30	Vélarvana	5	Handfærabátur
31.júl.18	Glaður SH 46	Strandar	6	Grásleppuveiðiskip
1.ágú.18	Eyji NK 4	Vélarvana	24	Skelfiskskip
6.ágú.18	Kjói	Vélarvana	12	Farþegaskip
9.ágú.18	Sigfús B ÍS 401	Vélarvana	6	Handfærabátur
10.ágú.18	Birta BA 72	Vélarvana	15	Handfærabátur
10.ágú.18	Naustvík ST 80	Leki um borð	6	Handfærabátur
19.ágú.18	Sörli ST 67	Strandar	6	Handfærabátur
20.ágú.18	Skúli ST 75	Slys á fólki	15	Handfærabátur
20.ágú.18	Sindri VE 60	Slys á fólki	849	Togveiðiskip
21.ágú.18	Guðbjörg GK 666	Slys á fólki	194	Línuveiðiskip
22.ágú.18	Óskar SK 13	Strandar	11	Handfærabátur
22.ágú.18	Veiga ÍS 76	Vélarvana	5	Handfærabátur
23.ágú.18	Sölvi BA 19	Vélarvana	6	Handfærabátur

Dags.	Skip	Atvik - skip	BT	Tegund skips
23.ágú.18	Breki VE 61	Slys á fólki	1.222	Togveiðiskip
26.ágú.18	Herdís SH 173	Vélarvana	10	Handfærabátur
28.ágú.18	Hafbáran BA 53	Bilun í búnaði	8	Handfærabátur
30.ágú.18	Guðrún BA 127	Vélarvana	9	Handfærabátur
31.ágú.18	Júlíus Geirmundsson ÍS 270	Slys á fólki	1.402	Frystitogari
2.sep.18	Einar Guðnason ÍS 303	Slys á fólki	21	Línuveiðiskip
3.sep.18	Steinunn ÍS 46	Strandar	6	Handfærabátur
3.sep.18	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Togveiðiskip
8.sep.18	Straumey ÍS 69	Vélarvana	7	Handfærabátur
8.sep.18	Dettifoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
15.sep.18	Vestri BA 63	Slys á fólki	293	Skelfiskskip
16.sep.18	Borgar Sig AK 66	Vélarvana	15	Handfærabátur
17.sep.18	Von GK 113	Vélarvana	15	Línuveiðiskip
27.sep.18	Sörli ST 67	Vélarvana	6	Handfærabátur
27.sep.18	Rachel	Ásigling	3.442	Flutningaskip
2.okt.18	Frosti ÞH 229	Eldur um borð	327	Togveiðiskip
9.okt.18	Selfoss	Slys á fólki	7.464	Flutningaskip
18.okt.18	Eldey / Hvidbjörnen	Ásigling	299	Farþegaskip
18.okt.18	Bergey GK 22	Slys á fólki	15	Netaveiðiskip
18.okt.18	Þinganes ÁR 25	Slys á fólki	262	Togveiðiskip
22.okt.18	Hannes Andrésson SH 737	Slys á fólki	75	Skelfiskskip
22.okt.18	Þinganes ÁR 25	Slys á fólki	262	Togveiðiskip
23.okt.18	Fróði II ÁR 38	Leki um borð	356	Togveiðiskip
23.okt.18	Páll Jónsson GK 7	Vélarvana	402	Línuveiðiskip
25.okt.18	Valþór GK 123	Vélarvana	54	Netaveiðiskip
25.okt.18	Hannes Þ. Hafstein	Tók niðri	41	Björgunarskip
29.okt.18	Bjarney ÍS 41	Leki um borð	23	Togveiðiskip
3.nóv.18	Fjordvik	Strandar	3.091	Flutningaskip
4.nóv.18	Breki VE 61	Slys á fólki	1.222	Togveiðiskip
9.nóv.18	Goðafoss	Slys á fólki	14.664	Flutningaskip
10.nóv.18	Þórunn Sveinsdóttir VE 401	Slys á fólki	779	Togveiðiskip
23.nóv.18	Halldór Sigurðsson ÍS 14	Vélarvana	35	Skelfiskskip
25.nóv.18	Núpur BA 69	Strandar	358	Línuveiðiskip
1.des.18	Guðbjörg GK 666 / Oddur V Gíslason	Ásigling	194	Línuveiðiskip
9.des.18	Amber	Strandar	3.990	Flutningaskip
18.des.18	Grímsey ST 2	Vélarvana	61	Dragnótaskip



Sími: 511 6500 - Fax: 511-6501 - netfang: RNSA@RNSA.is